

Nr.: STL-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 03		
Dags.: 23.10.2019		
Höfundur: Skólameistari	<b>Aðstoðarskólameistari</b>	
Samþykkt: Aðst.skólameistari		
Síða 1 af 2		


<b>Nafn starfsmanns:</b>		<b>Númer starfs</b>
<b>Svið/deild:</b>	<b>Stjórnun</b>	<b>Starfshlutfall: 100%</b>
<b>Næsti yfirmaður (starfsheiti):</b>	<b>Skólameistari</b>	
<b>Undirmenn (starfsheiti):</b>	<b>Starfsmenn VMA</b>	

<b>Markmið starfs:</b>	Er staðgengill skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri og vinnur með honum við daglega stjórn skólans.
------------------------	---

	<b>Ábyrgðarsvið</b>
1.	Vinnur með skólameistara að daglegum rekstri og stjórnun Verkmenntaskólans á Akureyri og þeirri starfsemi sem fellur undir skólann.
2.	Tekur þátt í gerð fjárhagsáætlana fyrir VMA í samvinnu við rekstrar- og fjármálastjóra í umboði skólameistara og í samræmi við skólasamning og annast upplýsingagjöf um þær til menntamálaráðuneytis.
3.	Stýrir launavinnslu og hefur umsjón með launaniðurröðun starfsmanna VMA.
4.	Stjórnar og skipuleggur kennsluskiptingu í samræmi við fjárveitingar til skólans.
5.	Vinnur með og aðstoðar starfsmenn VMA við að ná settum markmiðum um afkomu og þjónustu skólans og þeirra verkefna sem hann sinnir.
6.	Skilgreinir þarfir viðskiptavina VMA og skipuleggur þróun menntunarframboðs sem uppfyllir þarfir þeirra í samræmi við stefnu og markmið VMA og innan ramma laga og reglugerða.
7.	Vinnur með skólameistara að starfsmannamálum VMA, og er honum til ráðuneytis um starfsmannaráðningar og brottvikningar og ákvarðanir um kjör og aðbúnað starfsmanna.
8.	Ber ábyrgð á að uppfæra eigin ferilskrá með því að afhenda viðeigandi gögn til rekstrar- og fjármálastjóra jafnharðan. (Menntun, námskeið, o.fl.)

<b>Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar)</b>
Hafa lokið framhalds-/háskólanámi og hafa menntun í uppeldis- og kennslufræðum. Góð reynsla og þekking á rekstri og stjórnun. Sýni frumkvæði, árvekni og þjónustulund ásamt því að hafa góða samskiptahæfileika og reynslu í mannlegum samskiptum. Þekking á íslensku skóla- og atvinnulífi. Reynsla og þekking á alþjóðlegu skóla- og viðskiptaumhverfi.

23.10.19  
Amj

Nr.: STL-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 03		
Dags.: 23.10.2019		
Höfundur: Skólameistari	<b>Aðstoðarskólameistari</b>	
Samþykkt: Aðst.skólameistari		
Síða 2 af 2		

	<b>Helstu verkefni</b>
1.	Er skólameistara til aðstoðar og staðgengill hans við daglega stjórnun skólans.
2.	Annast gerð fjárhagsáætlana í samvinnu við rekstrar- og fjármálastjóra og í samræmi við skólasamning.
3.	Vinnur með áfangastjórum skólans að stundatöflugerð og annast skiptingu kennslu í samræmi við fjárheimildir skólans.
4.	Annast starfsmannamál VMA í samráði við skólameistara svo sem skráningu vinnutíma, ráðningu starfsmanna, skipulagningu sumarleyfa og öðrum starfsmannatengdum atriðum í samræmi við starfsmannastefnu og þær reglur sem gilda á hverjum tíma.
5.	Hefur með höndum launavinnslu og launaniðurröðun ásamt rekstrar- og fjármálastjóra.
6.	Vinnur með rekstrar- og fjármálastjóra að kostnaðarefirliti VMA.
7.	Kemur fram opinberlega fyrir hönd VMA í samráði við skólameistara.
8.	Situr vikulega stjórnendafundi og stjórnar þeim í fjarveru skólameistara.
9.	Stjórnar kennarafundum í fjarveru skólameistara.
10.	Situr í gæðaráði og stjórnar vikulegum fundum þess í fjarveru skólameistara.
11.	Situr í skólaráði og stjórnar fundum þess í fjarveru skólameistara.
12.	Situr í samstarfsnefnd stjórnenda og kennara Verkmenntaskólans á Akureyri.
13.	Er kennurum til ráðgjafar í tengslum við endurmenntun og þróun í kennsluháttum.
14.	Er nemendum til ráðgjafar og fylgir eftir málefnum nemenda ásamt sviðsstjórum.
15.	Hefur frumkvæði að greiningu á öllum þjónustupáttum tengdum framboðinni menntun, þróun þjónustupátta og gerð gjaldskráa og frumkvæði að þróun nýrra þjónustupátta.
16.	Annast önnur verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um.

<b>Tengsl</b>	
Daglega	Stjórnendur og starfsmenn VMA, nemendur og aðrir viðskiptavinir VMA.
Sjaldnar	Skólanefnd VMA, ráðuneyti og þjónustuaðilar.

<b>Starfstími</b>	1. ágúst – 31. júlí
<b>Ráðningartími</b>	5 ár